

**Nd.** **888. Frumvarp til laga** [138. mál]

um breytingu á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. maí.)

1. gr.

1. Við 1. gr. laganna bætist undir viðkomandi vörulið eftirtalin tollskrárnúmer:

Tollskrárn.	Vörulýsing	Tolltaxti %
19.02.03	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn og sjúka	0
20.05.04	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn .....	0
21.05.22	Fæða sérstaklega tilreidd fyrir ungbörn .....	0
21.07.23	Neyðarmatvæli í auðkenndum umbúðum, svo og fæðutegundir sérstaklega tilreiddar sem fæða fyrir ungbörn og sjúka .....	0

2. Tollur af fæðu sérstaklega tilreiddri fyrir ungbörn sem flokkast undir tollskrárnúmer 20.02.09 og 20.06.20 verði felldur niður samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.